



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn 27. júní, 2007

Ákvörðun nr. 30/2007

Samruni Nathan & Olsen hf. og Bergdal hf.

1.

Með bréfi Þórunnar Guðmundsdóttur hrl., dags. 8. mars 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Nathan & Olsen hf. (hér eftir Nathan & Olsen) og Bergdal hf. (hér eftir Bergdal). Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur fram að Nathan & Olsen kaupi alla hluti í Bergdal. Með í kaupunum fylgi allar eignir, efnislegar og óefnislegar þ.m.t. vélar, tæki, búnaður, þekking, viðskiptasambönd, hugverkaréttindi, önnur samningsbundin réttindi sem félagið hafi notað í rekstri sínum og hafi verið grundvöllur að þeim fjárhagslegu niðurstöðum sem fram komi í ársreikningum félagsins. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningar, dags. 4. janúar 2007. Þá fylgdu bréfinu einnig ýmis gögn um viðkomandi félög, s.s. skýrslur Lánstrausts hf. um bæði félög, skýrslur um hlutafélagabátttöku stjórnarmanna beggja félaga og ársreikningar þeirra fyrir árin 2005 og 2006, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Nathan & Olsen á Bergdal í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 2. apríl 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



2.

Í samrunatilkynningu vegna kaupa Nathan & Olsen á Bergdal segir að Nathan & Olsen hafi verið „stofnað árið 1912 og fólst starfsemi þess fram til ársins 1941 bæði í inn- og útflutningi ýmiss konar vörutegunda. Frá árinu 1941 hefur fyrirtækið eingöngu starfað að innflutningi og frá árinu 1988 eingöngu að innflutningi matvöru. Árið 1999 var rekstri fyrirtækisins skipt í einingar. Heildsölufyrirtækið Ekran ehf. var keypt og stóreldhúsadeild Nathan & Olsen hf. sameinað því auk þess sem fyrirtækinu var skipt í þrjú félög, Nathan & Olsen ehf., Nathan & Olsen hf. og Nathan & Olsen fasteignir ehf. Nathan & Olsen starfar nú að innflutningi, heildsölu og dreifingu matvöru og er með umboð frá aðilum víðs vegar í Evrópu og í Bandaríkjunum.“ Um tilgang félagsins segir að hann sé samkvæmt samþykktum þess „rekstur heildsölu, umboðssölu, verslunar, váttrygginga, iðnaðar, hvers konar umboðs-, miðlara- og víxlstarfsemi og siglingar.“ Einnig kemur fram að dótturfélög Nathan & Olsen séu fjögur talsins, þ.e. Nathan & Olsen, Nathan & Olsen-fasteignir ehf., Gott fæði ehf. og Ekran ehf. og felist meginrekstur þeirra í framleiðslu innflutningi og verslun.

Um Bergdal segir að félagið hafi verið „stofnað árið 1981 og hefur frá upphafi starfað að innflutningi og heildsölu matvöru. Fyrirtækið er með umboð frá aðilum víðs vegar í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.“ Um tilgang Bergdal segir í tilkynningunni að hann sé samkvæmt samþykktum félagsins „smásala og heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.“

Um aðdraganda samrunans segir að eigendur Bergdal hafi fyrir tveimur árum boðið Nathan & Olsen fyrirtæki sitt til kaups. Hafi fyrirtækið að mati Nathan & Olsen fallið vel að starfsemi sinni og eftir allangar viðræður hafi verið ákveðið að ganga til samninga um kaupin. Um markmið samrunans segir að „Nathan & Olsen hefur á undanförunum árum unnið að því að styrkja stöðir samstæðunnar og bjóða með því viðskiptavinum sínum upp á fjölbreyttara vöruúrval á hagstæðara verði. Kaup Nathan & Olsen á Bergdal eru liður í þessari viðleitni og markmið þeirra fyrst og fremst að efla og víkka starfsemi fyrirtækisins.“ Þá gefi kaupin jafnframt tækifæri til að auka hagkvæmni í rekstri Nathan & Olsen.

3.

Fram kemur í tilkynningunni að starfsemi beggja samrunaaðila felist í innflutningi, heildsölu og dreifingu matvöru og sé það jafnframt sá vöru- og þjónustumarkaður sem samrunaaðilar starfi á. Telji samrunaaðilar ekki efni til að skilgreina sérstaklega markaði innan þess markaðar þar sem starfsemi fyrirtækja á þessum vettvangi taki almennt til allra þriggja þáttanna. Um viðkomandi landfræðilegan markað sem samrunaaðilar starfi á segir að hann nái til alls Íslands. Helgist það einkum af því að viðskiptavinir samrunaaðila séu dreifðir um land allt.

Í tilkynningunni segir að framboð matvöru á heildsölustigi sé mjög mikið. Fjöldi aðila starfi á markaði fyrir innflutning, heildsölu og dreifingu á matvöru sem og á markaði fyrir heildsölu og dreifingu á innlendri matvöru. Helstu viðskiptavinir samrunaaðila eru fyrirtæki sem annast innkaup fyrir stóru matvöruverslanirnar. Tekið er fram að þessi fyrirtæki flytji einnig inn eigin vörumerki og í sumum



tilvikum vörumerki sem innlendir aðilar séu með umboð fyrir, fáist hagstæðari kjör hjá erlendum söluaðilum þeirra. Þá segir í tilkynningunni að „*kaupendastyrkur á þessum markaði er verulegur, enda helstu viðskiptavinir samrunaaðila mjög fjársterkir aðilar. Þá leita stærri kaupendur í sívaxandi mæli til erlendra söluaðila fáist ekki viðunandi kjör hjá erlendum umboðsaðilum. Allt þetta sé til þess fallið að veita samkeppnislegt aðhald.*“

Að mati samrunaaðila sé ljóst að kaupin feli í sér láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar. Það sé því mat samrunaaðila að áhrifa samrunans kunni að gæta á markaði fyrir innflutning, heildsölu og dreifingu á matvöru hér á landi í þeim skilningi að hið sameinaða fyrirtæki verði mögulega með 15% markaðshlutdeild eða meira á þeim markaði. Þó sé ólíklegt að markaðshlutdeild hins sameinaða fyrirtækis nái framangreindum viðmiðunarmörkum. Þá segir í tilkynningunni að enn fremur beri „*að athuga að vöruúrval hvors samrunaaðila um sig skarast að óverulegu leyti og voru þau því einungis í samkeppni með eina vörutegund fyrir samrunann, þ.e. tómatsósu, en Nathan & Olsen er umboðsaðili fyrir vörumerkið Libby's og Bergdal fyrir vörumerkið Heinz.*“

Í tilkynningunni segir að allir geti hafið störf á umræddum markaði án mikils tilkostnaðar. Ætla megi „*að einhver kostnaður sé fólgin í því að afla umboða en hann sé þó ekki slíkur að óafturkræfur sé. Engar markaðshindranir í formi laga eða reglugerða eru til staðar. Til stuðnings því að aðgangur að umræddum markaði sé öllum opinn má vísa til þess að fyrirtæki sem einbeita sér að innflutningi, heildsölu og dreifingu ýmiss konar heilsuvöru hafa í auknum mæli náð markaðsfestu á undanförunum árum.*“

Að framangreindu virtu verði að mati samrunaaðila ráðið að sá samruni sem hér er til umfjöllunar muni ekki hindra virka samkeppni á þeim markaði sem hér um ræðir með því að markaðsráðandi staða skapist eða slík staða styrkist.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta á heildsölustigi matvörumarkaðarins. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Nathan & Olsen á Bergdal á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 4. janúar 2007, keypti Nathan & Olsen hf. allt hlutafé í Bergdal hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson